

Fundargerð

Árið 2024, fimmtudaginn 18. janúar kl. 12:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til rafræns fundar á Teams.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldwin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Dan Jens Brynjarsson, Friðjón Einarsson, Hrund Pétursdóttir, Hörður Hilmarsson, og Theódóra S. Þorsteinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni og Sigrúnu Dögg Kvaran, sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins undir 2. lið frá innviðaráðuneytinu; Aðalsteinn Þorsteinsson skrifstofustjóri og Björn Ingí Óskarsson lögfræðingur, á skrifstofu sveitarfélaga og byggðamála.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð frá 19. desember 2023

Lögð var fram til samþykktar fundargerð ráðgjafarnefndar frá 19. desember 2023.

Fundargerð frá 19. desember 2023 var samþykkt án athugasemda.

2. Dómur Héraðsdóms og frumvarp um Jöfnunarsjóð

Aðalsteinn Þorsteinsson og Björn Ingí Óskarsson ræddu dóm Héraðsdóms sem kveðinn var upp þann 20. desember 2023. Niðurstaða dómsins er sú að ákvæði reglugerðar sem mælti fyrir um að Reykjavíkurborg fengi ekki úthlutað grunnskólaframlögum hafi ekki haft lagastoð og skilyrði fyrir skaðabótum væru uppfyllt og bæri íslenska ríkinu að greiða Reykjavíkurborg 3,5 ma.kr. með vöxtum vegna vangreiddra framlaga fyrir árin 2015-2019 og er upphæðin nú um 5,5 ma. kr. miðað við vaxtastöðu um áramótin síðustu. Greindu þeir frá því að ríkislögmaður hyggst óska eftir að málið verði tekið fyrir hjá Hæstarétti í stað Landsréttar en slíkt er heimilt að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Greint var frá því að vegna þeirrar óvissu sem upp er komin, sökum dómsins, muni ráðherra ekki beita sér í að frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð verði afgreitt á Alþingi á yfirstandandi löggjafarþingi. Beðið verði með slíka heildarendurskoðun þar til óvissu verði eytt.

3. Lengd viðvera fatlaðra grunn- og framhaldsskólanemenda

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 16. janúar 2024, varðandi lengda viðveru 2023.

Kostnaður vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunnskólabarna í 5.-10. bekk og framhaldsskólanemenda fellur undir heildarfjárhagsramma vegna yfirlæslu á málefnum fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga. Greiðslurnar koma sem framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Fjármagn til ráðstöfunar nemur samtals 207.000.000 kr. á árinu 2023 og er gert ráð fyrir að 161.460.000 kr. komi til úthlutunar vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunnskólanemenda og 45.540.000 kr. vegna lengdrar viðveru fatlaðra framhaldsskólanemenda.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja áætlun um úthlutun framlaga vegna lengdrar viðveru fyrir árið 2023 að fjárhæð 207 m.kr.

4. Helstu mál á árinu 2024

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs fór yfir helstu mál á árinu 2024.

Í ljósi óvissu um frumvarp um breytingar á lagaumgjörð og úthlutunarreglum Jöfnunarsjóðs er lagt til að undirbúnar verði smávægilega breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga er snýr að regluverki útgjaldajöfnunarframlaga. Sérstaklega yrði horft til að gera breytingar á vægi fjarlægða og fækkunar í framlögum.

Fullt tilefni er til breytinga á regluverki Fasteignasjóðs. Talsverðir fjármunir hafa safnast fyrir í sjóðnum og með breytingum á regluverki gæti sjóðurinn stutt betur við uppbyggingu í málaflokknum. Líta mætti til tillagna í skýrslu starfshóps um heildarendurskoðun laga nr. 38/2018 frá því á árinu 2022.

Farið verði yfir heimildir sjóðsins í sérstökum verkefnum og verklagsreglum þeim tengdum.

Stefnt er að breytingum á almennum framlögum vegna fatlaðs fólks:

- a. Einstaklingar reiknaðir á grundvelli kostnaðar.
- b. SIS mat fyrir börn.

c. Mögulega að gera þeim sem lengst eru komin með þjónustu í búsetu „hærra undir höfði“.

Fengnir verði utanaðkomandi aðilar til að gera áhættugreiningu á útreikningum framlaga, skoði verklag, gagnaöflun o.fl.

5. Vatnsveituframkvæmdir á lögbýlum árið 2023

Tillaga að úthlutun

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu áætlun um framlög vegna veituframkvæmda á lögbýlum. Alls er um að ræða framlög til 17 vatnsveitna samtals að fjárhæð 18,5 m.kr.

Engar athugasemdir voru gerðar við áætlunina og hún samþykkt.

6. Sameining sveitarfélaga

Húnabyggð og Skagabyggð

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Húna- og Skagabyggð, dags. 17. janúar 2024 vegna vinnu undirbúnings- og sameiningarnefndar um mögulega sameiningu sveitarfélaganna. Óskað er eftir styrk að upphæð 15,3 m.kr. sbr. kostnaðaráætlun.

Ráðgjafarnefnd samþykkir að veita framlag að upphæð 15,3 m.kr.

Sveitarfélagið Vogar, Reykjanesbær og Suðurnesjabær

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá sveitarfélaginu Vogum, dags. 16. janúar 2024 þar sem óskað er eftir framlagi vegna kostnaðar við könnun á grundvelli sameiningarviðræðna sveitarfélaga á Suðurnesjum. Sveitarfélagið Vogar óskar eftir styrk að upphæð 11 m.kr. sbr. kostnaðaráætlun.

Ráðgjafarnefnd samþykkir að veita framlag að upphæð 11 m.kr.

Ásta Stefánsdóttir vék af fundi kl. 13.00

7. Yfirlæstingar um grunnskóla 2023

Bráðabirgðauppgjör

Lagt var fram til kynningar bráðabirgðauppgjör fyrir árið 2023 vegna yfirlæstingu grunnskólans.

Nefndin gerði engar athugasemdir.

8. Yfirlæstingar um fatlaðs fólks 2023

Bráðabirgðauppgjör

Lagt var fram til kynningar bráðabirgðauppgjör fyrir árið 2023 vegna yfirlæstingu málefna fatlaðs fólks.

Nefndin gerði engar athugasemdir

9. Umsókn um framlög vegna innra eftirlits

Reykjavíkurborg

Frestað til næsta fundar.

10. Næsti fundur

Ákveðið var að næsti fundur nefndarinnar yrði 23. febrúar kl. 12:30.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 13:25.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ásta Stefánsdóttir

Hrund Pétursdóttir

Dan Jens Brynjarsson

Hörður Hilmarsson

Friðjón Einarsson

Theódóra S. Þorsteinsdóttir